



U S T

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

⌚ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 5. apríl 2005  
Tilvísun: UST20050300120/bs

### **Sjóvarnir við Stokkseyri frá Lóni að Markavörðu og austur fyrir Skipar og frá enda sjóvarnagarðs til austurs. Tilkynning um matsskyldu**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dag. 10. mars sl. þar sem óskað er á líts Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindra framkvæmda. Þær sjóvarnir sem hér um ræðir eru innan svæðis nr. 750 á náttúruminjaskrá, Fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka. Umhverfisstofnun telur að halda eigi raski í lágmarki og gæta þess að sjóvörnin hindri ekki aðkomu fólks að fjörunni.

**Sjóvörn frá Markavörðu austur fyrir Skipar:** Á þessum kafla er fjarlægð frá fjörukambi að vegfláa viða 8-12 m. Sjóvörn verður ýmist lögð við vegfláa eða efst á fjörukamb. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er þannig að mestu ofan fjöru. Sjóvörnin verður talsvert áberandi á þessum kafla og því ætti að leggja áherslu á að sjóvörnin verði áferðarfalleg, falli vel að landi og hindri ekki aðkomu fólks að fjörunni.

**Lón austur fyrir Markavörðu:** Á þessum kafla er gömul sjóvörn á fjörukambi sem stendur til að styrkja. Á þessu svæði þarf að tryggja gott aðgengi að fjörunni jafnframt því að fella sjóvörn eins og kostur er að landi.

**Stokkseyri austast, við orlofshús:** Hér stendur til að setja sjóvörn framan við gamlan hlaðinn sjógarð. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er í efsta hluta fjörunnar sem hefur að því er virðist verið grædd upp að hluta. Tryggja þarf gott aðgengi fólks að fjörunni.

**Niðurstaða:** Fyrirhugaðar sjóvarnir eru ýmist á fjörukambi eða ofan fjörunnar og að hluta til viðbót við núverandi sjógarða. Áhrif á fjöruna eru bundin við efsta hluta sandfjörunar. Framkvæmdin hefur engin áhrif á sjávarfitjar eða lífríki þangfjörunnar. Umhverfisstofnun vill ítreka nauðsyn þess að tryggja aðgengi fólks að fjörunni. Stofnunin telur ekki líklegt að ofangreindar framkvæmdir muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Leit skal umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, áður en leyfi er veitt til framkvæmdanna.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefansson

Afrit: Sveitarfélagið Árborg



Helgi Jónasson  
Forstöðumaður